
Félagsheimili – Mötuneyti – Einstaklingar

Tilboð óskast í 125 stk. rauða stálstóla, 20 stk. kringlótt borð á stálfæti, 7 ferköntuð borð á stálfæti, 28 stk. 3ja fóta stóla með trésetum. Tilboð óskast í allan pakkann eða einstakar einingar. Allar nánari upplýsingar í símum 37801 og 37810 milli kl. 9 og 18.

Saumasporið
spor til sparnaðar



Bernina, New Home og Lewenstein heimilis-, lok- og iðnaðarsaumavélar. Ykk – franskir rennilásar og venjulegir rennilásar í úrvali, frá 3 cm upp í 200 m. Gütermanntvinni, saumaefni og smávörur til sauma. Föndurvörur. Saumavéla- og fataviðgerðir.

Símar 45632 og 43525 – fax 641116



KMS SPRAY

HÁRSPRAY

Hárspray sem stífnar ekki strax. Unnið úr náttúrulegum efnum.

HÁRGREIÐSLUSTOFAN
Klapparstíg,
sími 13010

ÚTBOÐ

F.h. **Hitaveitu Reykjavíkur** er óskað eftir tilboðum í verkið:

„Nesjavallaheimreið – klæðing"

Verkið felst í að endurbæta og leggja efra burðarlag og klæðingu á um 800 m kafla af Nesjavallaheimreið á Nesjavöllum. Einnig skal koma fyrir ljósastólpum og ganga frá veglýsingu ásamt lagningu rafstrengja með fram vegarkaflanum.

Helstu magntölur eru: Neðra burðarlag, 2000 m³
Efra burðarlag, 500 m³
Tvöföld klæðing, 5000 m²
Ljósastólpar, 22 stk.

Verkinu skal lokið 1. nóvember 1994.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Fríkirkjuvegi 3, Reykjavík, gegn 15.000 króna skilatryggingu.

Tilboðin verða opnuð á sama stað miðvikudaginn 24. ágúst 1994, kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN REYKJAVÍKURBORGAR
Fríkirkjuvegi 3 – sími 25800

SKÓÚTSALA

ecco
Laugavegi 41 – sími 13570

SKÓVERSLUN ÞÓRÐAR
gæði og þjónusta
KIRKJUSTRÆTI 8
SÍMI 14181



Opna úr Alt for damerne þar sem sagt er frá „draumabrúðkaupinu" á Tahíti.

Einar Már Guðvarðarson og Susan Christiansen frá Danmörku:

Fengu „draumabrúðkaup" á Tahíti í verðlaun

– urðu hlutskörpust í smásagnasamkeppni tímaritsins Alt for damerne

Par búsett á Íslandi gekk nýlega í hjónaband á Tahíti eftir að hafa hlotið „draumabrúðkaup" í verðlaun fyrir þátttöku í smásagnasamkeppni danska tímaritsins Alt for damerne. Þetta voru þau Einar Már Guðvarðarson myndhöggvari og Susan Christiansen frá Danmörku. Þau eru búsett að Ljósaklifi í Hafnarfirði.

Einar Már sagði í samtali við DV að það hefði átt vel við að gifta sig á framandi slóðum þar eð þau Susan væru hvort frá sínu landinu. Hann sagði að ferðin hefði verið metin á um hálfa milljón króna.

Hjónin gengu í það heilaga á eyjunni Moorea sem er skammt frá Tahíti – fyrst með borgaralegri vígslu en síðan á hefðbundnari hátt að hætti innfæddra. Blaðamaður frá Alt frá Damerne fylgdist með öllu saman og fór brúðkaupið fram með miklum glæsibrag á framandi hátt af hálfu þeirra sem að því stóðu.

Greint er frá brúðkaupi Einars Más og Susan á Tahíti í tölublaði tímaritsins sem kom út þann 23. júní. Umfjöllunin er á fimm síðum og birtist m.a. opnumynd af hamingjusömu parinu.

Sagan í smásagnakeppni blaðsins, sem varð til þess að parið vann ferðina til Tahíti, var valin úr rúmlega hundrað sögum sem sendar voru í keppnina. Susan sá um að skrifa söguna sem fjallar m.a. um par sem er ákveðið í að eigast. Hún hefur verið birt í danska tímaritinu.

Menning

Sigurður Árni Sigurðsson á Kjarvalsstöðum:

Tré og ekki tré

Í skrá að sýningu Sigurðar Árna vitnar Bernard Marcadé í orð Leonardos um það að upphaf málaralistarinnar megi rekja til „skuggamyndar af manni sem sólin varpar á vegg". Ennfremur minnir Marcadé á frásögn Plíníusasr eldri um Díbutate, dóttur leirkerasmiðs í Sýkíon. Elskhugi hennar var að fara í langferð og hún teiknaði útlínur skuggamyndar hans á vegg. Þetta atvik hefur einnig verið nefnt upphaf málaralistarinnar en sýnir jafnframt, að áliti Marcadé, að málaralistin snúist fyrst og fremst um hverfulleikann; það sem ekki er til staðar. Málverk Sigurðar Árna geta mætavel fallið undir slíka skilgreiningu, jafnvel þótt þau séu fyllilega til staðar sjálf. Sigurður fæst við blekkingagaldur öðrum þræði og bendir á að ekki sé allt sem sýnist.

Heimur blekkinga

Margar mynda Sigurðar Árna eru þess eðlis að fjarski og nánd eru afstæð hugtök. Myndheimur Sigurðar Árna er í stórum dráttum kúlur sem verða að götum og öfugt.

Myndlist

Ólafur J. Engilbertsson

Sjónarspilið er í formi endurtekninga og sjónhverfinga líkt og hjá M.C. Escher, en þó innan náttúrulegs myndmáls. Málverk Sigurðar Árna sigla lygnan sjó á milli hins þekkta og hins óþekkta. Í þeim má í senn þekkja mótíf á borð við tré, ost, skálar, landslag o.fl. En um leið verður ljóst að þar er einungis um að ræða samspil frumforma á striga. Þannig týnist áhorfandinn ekki í eigin blekkingu, heldur opnar málverkið og lokar eins og glugga sem hann getur skoðað beggja vegna. Jafnframt því opnast honum fleiri gluggar að leyndardómum málverksins. Vinnubrögð á borð við þessi minna á fleiri meistara ljóðrænna sjónblekkinga á borð við súrrealistann Magritte. Sigurður Árni hefur undanfarið búið í París og án efa gætir áhrifa frá dvöl hans þar í þessum verkum.

Náttúrutengsl og garðar

Leikur Sigurðar að frumformum hefur leitt hann frá stjörnum himingeimsins að loftmyndum af trjákrónum lystigarða. Og nú er listamaðurinn upptekinn við að gera líkön af slíkum görðum þar sem samspil kúlu- og hringforma og skugga þeirra er ágengara en í málverkunum, jafnframt því sem náttúrutengslin eru skýrari. Útfærsla slíkra hugmynda hlyti þó fremur að verða á plani hins leikhússlega en hversdagslega. Til að veita garðahugmyndum sínum rómantískara yfirbragð og kveikja e.t.v. tengsl við ævintýraheima, útópíur og paradísir, hefur Sigurður jafnframt gert vatnslitamyndir sem eru afar athyglisverðar vegna næmrar útfærslu í anda Muggs. Rómantíkin svífur einnig yfir vötnum í erótískri myndröð þar sem hugmyndin um það sem hulið er sjónum togast á við hið sýnilega líkt og í málverkum listamannsins. Hér er um að ræða sýningu sem er í senn heilsteypt og veitir innsýn í þá baráttu á milli innri og ytri veruleika, fyrirmyndar og fornmyndar, sem á sér stað á mörgum vígvelli samtímalistar. Sigurður Árni er greinilega að fikra sig yfir í þrívíddina og verður spennandi að sjá hvort blekkingagaldurinn helst samur þar og í málverkum hans.